

3. gr.

Um refsingar fyrir brot gegn framangreindum ákvæðum og meðferð mála út af slíkum brotum, fer eftir 8. gr. téðrar reglugerðar frá 13. maí 1930.

105

28. okt.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir

Austur-Barðastrandarsýslu.

I. Stjórn.

1. gr.

Málefni þau sem reglugerð þessi á við, standa undir umsjón hreppsnefndanna í Austur-Barðastrandarsýslu, hver í sínum hreppi. Þær eiga að gæta þess, að reglugerðinni sé hlýtt, og þeir, sem brjóta á móti henni verði kærðir.

2. gr.

Sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefir yfirstjórn alla. Til hennar má skjóta öllum úrskurðum, og ráðstöfunum hreppsnefndanna. Þó verður sérhver þegar að hlýða fyrirskipunum hreppsnefndanna, hvort sem hann áfrýjar þeim eða ekki, en álíti sýslunefnd að honum hafi verið gerður óréttur, og hann haft skaða af, ákveður hún honum sanngjarnar bætur úr sveitarsjóði.

II. Um sauðfjármörk og markaskrár.

3. gr.

Sérhver fjáreigandi skal hafa greinilegt mark á fé sínu. Enginn má hafa afeyrt eða fleiri en tvö mörk í einu. Nú eignast maður kind, er hann fær ekki

106

31. okt.

106 31. okt. markað undir sitt mark, skal hann þá brennimerkja hana á hægra horni með sínu eigin brennimarki, ef hyrnd er, en sé hún kollótt, þá skal hann festa spjald eða klæði með fangamarki sínu í eyrað. Hyrndar kindur skulu brennimerktar hreppabrennimarki á vinstra horni, en ef kollóttar eru, þá spjald eða klæði í vinstra eyra með hreppsmarki.

4. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal endurprenta á 5—10 ára fresti. Sýslunefndin skipar fyrir um undirbúning og samning á markaskránni, og lætur prenta hana. Skyld er hverjum markeiganda að greiða kr. 1.00 fyrir hvert eyrnamark, er hann lætur prenta, og kr. 0.25 fyrir hvert brennimark. Hrökkvi það gjald eigi fyrir prentunarkostnaði, greiðist það er til vantar úr sýslusjóði. Ennfremur er hverjum markeiganda skyld að láta prenta mörk sín, þegar markaskrá er prentuð.

5. gr.

Nú vill einhver taka upp fjármark, og skal hann þá tilkynna það hreppstjórum, og hreppsnefndaroddivitum í aðliggjandi hreppum sýslunnar og innfæri þeir það í markaskrár sínar. Enginn má taka upp mark, sem annar sýslubúi hefir.

6. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna, og skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt sem segir í 5. gr. Eigi hann sammerkt við nokkurn í sýslunni, skal hann þá leggja niður það mark, ella að semja við hlutaðeiganda um notkun þess.

III. Um fráfarur og rekstur geldfjár til fjalla.

7. gr.

Enginn má færa lömb frá ám, nema í góðu veðri, og að þau séu að minnsta kosti 4 vikna gömul. Skulu lömb setin eigi skemur en 4 sólarhringa í heima högum. Enginn má kefla lömb.

8. gr.

Almennar smalanir til rúnings ár hvert, skal vera mánudaginn í 11. viku sumars.

Hver maður skal reka allt geldfé sitt til fjalla á vorin, í eigið land, ef til er, ella fái hann sér upprekstur hjá öðrum. Upprekstrargjald skal vera kr. 0.20 fyrir hverja kind yfir sumarið, og fyrir hvert hross kr. 0.75 á viku. Gjaldalagi á því er 31. október ár hvert.

9. gr.

Þar sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiptu landi, má enginn nota beitina nema eftir ítölu móts við sameigendur sína, er metin er af úttekt-

armönnum eða yfirúttektarmönnum, svo sem landskiptalögin mæla fyrir. Sá sem ekki hlýðir greiðir sektir samkvæmt reglugerðinni. Sama rétt til að krefjast ítölu hefir nágranni, ef honum þykir land nábuá síns ofskipað. 106
31. okt.

Sömuleiðis skal hreppsnefnd láta gera ítölu í allt beitarnland hreppsins, ef helmingur ábúanda krefst þess, og greiðist þá kostnaður við ítöluna úr sveitararjóði.

IV. Um fjallskil.

10. gr.

Tvennar skulu fjalleitir á hausti. Hinar fyrri skulu byrja mánudag í 22. viku sumars, nema hreppsnefnd mæli öðruvísi fyrir. Svo getur og hreppsnefnd skipað eftirleitir, einar eða fleiri ef þurfa þykir. Allt fé úr fjallheimtum skal rekið til réttar.

11. gr.

Skyllt er hverjum ábúanda, að gera full fjallskil fyrir sitt eigið fé, og það sem tilheyrir heimilinu, og ennfremur fyrir það fé, er hann hefir tekið til upprekstur úr öðrum hreppum að tiltölu rétttri við aðra fjáreigendur í hreppnum.

12. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju skipa fyrir um fjallgöngur, og allt sem þar að lítur. Skal hún birta skipanir sínar með nægum fyrirvara. Falið getur nefndin einum eða fleirum úr sínum flokki að stjórna fjallskilum. Við niðurjöfnunina skal sérstaklega haft tillit til fjártölu. Hreppsnefndin skal skipa svo marga leit- arforingja, sem þörf er á til að stjórna göngunum, og getur enginn skorazt undan því, enda þótt hann sitji ekki í hreppsnefnd.

13. gr.

Sérhver sá, sem er óánægður með fjallskilaniðurjöfnun, skal ekki síðar en á næstu hausthreppskilum kæra slíkt skriflega fyrir hreppsnefndinni, og er nefndin skyld að hafa svarað kærinni innan mánaðar, frá því, er kært var. Skotið getur ákærandi málinu til sýslunefndar, enda hafi hann gert það fyrir lok þess árs.

14. gr.

Skyllt er hverjum þeim, er fjallskil á að gera, að hlýðnast tafarlaust skipunum hreppsnefndar, og það allt að einu, þó hann sé óánægður með þær, og ætli að kæra þær. Nú vanrækir einhver að gera fjallskil og skal þá hreppsnefnd eða leitarforinginn kaupa menn og leita á hans kostnað, svo fjallskilaskyldu hans sé fullnægt.

106
31. okt.

V. Um réttarhöld og meðferð óskilafjár.

15. gr.

Þessar eru lögréttir:

Í Geiradalshreppi í Gautsdal.

- Reykhólahreppi á Kinnarstöðum.

- Gufudalshreppi við Djúpfjarðarbotn og í Múla við Kollafjörð.

- Múlahreppi, Axlarrétt, Múlanesrétt og Litlanesrétt.

Skal úr fyrri göngum réttað þessa daga.

Í Gautsdalsrétt fyrsta leitar dag.

- Kinnarstaðarétt þriðjudag í 22. viku sumars.

- Djúpadalsrétt þriðjudag í 22. viku sumars.

- Múlarétt á mánudag í 22. viku sumars.

- Axlarrétt á mánudag í 22. viku sumars.

- Múlanesrétt þriðjudag í 22. viku sumars.

- Litlanesrétt mánudag í 22. viku sumars.

16. gr.

Skyldir eru landeigendur og ábúendur að leyfa réttarstæði og réttarbyggingu. Valdi réttarbygging usla á engjum, er rétt að endurgjalda það af viðkomandi sveitarsjóði í eitt skipti fyrir öll, eftir mati tveggja óvilhallra manna. Nefni hreppsnefnd til annan, en ábúandi hinn. Komi þeim ekki ásamt, skulu þeir kjósa hinn þriðja. Ræður þá afl atkvæða um endurgjaldið. Jarðarábúandi hefir engin umráð yfir réttinni, að undanskildum sínum eigin dilk.

17. gr.

Rétt á að vera á sem haganlegastum stað og svo gerð:

a. Almennigur sé nógu stór.

b. Að sérhver ábúandi hafi nógu stórt dilkrúm fyrir allt afréttarfé af heimili sínu.

c. Að nógu stórt dilkrúm sé fyrir allt utan-hreppsfé. Skal hver hreppur eiga þar dilkrúm, er hann á fjárvon, og kosta það sjálfur, nema öðruvísi sé umsamið milli hlutaðeigandi hreppsnefnda.

d. Að allir veggir réttarinnar séu traustir, og svo háir hvarvetna að engin sauðkind geti stokkið upp á þá. Hreppsnefnd skipar að öðru leyti fyrir um réttarbyggingu, og árlegt viðhald. Fjáreigendur skulu skyldir til að kosta réttarbyggingu og aðgerð. Nú vanrækir einhver að vinna að réttarbyggingu eða aðgerð, og skal þá hreppsnefnd tafarlaust kaupa menn á hans kostnað til að vinna verkið.

18. gr.

Oddviti er réttarstjóri, nema hann skipi annan. Hver ábúandi er skyldur til að vera réttarstjóri eitt ár í senn, ef honum er skipað. Réttarstjóri skal stýra

réttarhaldinu, svo allt gangi sem greiðast og með sem beztri reglu. Hann skal nefna tvo fjárglöggva menn til að skoða í dalkana áður en hleypt er út. Sjá um eftir föngum að lambsmæður helgi sér ómerkinga og myétninga og að síðustu að töfludraga allan úrtíning. Enginn má marka fé í lögrétt, nema með leyfi réttarstjóra. Allir sem við réttarhaldið eru, skulu hlýða réttarstjóra í öllu því, er góða reglu og gott skipulag snertir. 106
31 okt.

19. gr.

Ómerkinga, markkalið og myétið fé, sem ekki þekkist, má selja að afloknu réttarhaldi. Hið annað óskilafé skal skoða nákvæmlega, og senda glöggva lýsingu af því í næstu hreppa, á alla vegu svo fljótt sem unnt er.

Hreppsnefndin skal koma óskilafénu í gæzlu, og er hver ábúandi skyldur að hafa þann starfa á hendi þrjú ár í röð ef hreppsnefnd krefur hann og honum er það mögulegt. Gæzlukaup skal vera kr. 0.20 um sólarhring fyrir hverja kind. Það fé, sem eigendur ekki hafa helgað sér, skal selt við opinbert uppboð, eftir 14 daga frá síðari leitum.

20. gr.

Skyllt er hverjum manni að greiða sem bezt fyrir fé annara, þar tilheyrir að reka heimtufé bæ frá bæ úr fyrstu og annari leit. Hver sem gerir sig sekan í skeytingarleysi eða harðýðgislegri meðferð á heimtufé þar með talið að svelta það inni, reka það óþyrmilega eða týna því, skal kærður til hegningar. Skyllt er hverjum þeim manni, sem rekur eða lætur reka fjárhópa frá réttum, eða á annan hátt, að hafa nægilegan mannafla við fjárreksturinn. Rekstrarstjóri skal jafnan hafa mann á undan fjárhópnum til að fyrirbyggja að annað fé geti komið saman við reksturinn, sem gæti valdið óþægindum eða flækingi, og ber hann fulla ábyrgð á, ef út af er brugðið. Hreppsnefnd hefir vald til að ákveða mannfjölda við slíka rekstra, ef þurfa þykir.

21. gr.

Fjallafé, sem finnst eftir að búíð er að selja óskilafé, skal rekið til oddvita, er lætur reka það til eiganda, sé hann ekki langt í burtu, ella að selja það við opinbert uppboð. Allan kostnað greiðir eigandi fjárins, áður en það er afhent. Þó getur finnandi rekið slíkt fé til eiganda, eða gætt þess allt á hans kostnað, ef slíkt yrði álitíð haganlegra.

22. gr.

Fyrir lok nóvembermánaðar, skal hreppsnefnd hver senda oddvita sýslunefndarinnar, skýrslu yfir seldar óskilakindur í hreppnum, með mörkum þess og einkennum. Því næst skal oddviti sýslunefndarinnar auglýsa í opinberu blaði á kostnað sýslusjóðs allt það óskilafé, sem á því ári hefir verið selt í sýslunni, með mörkum þess og einkennum. Gefi eigendur sig fram og sanni eignarrétt sinn, að hinu selda óskilafé, innan 5 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar, fá

106 Þeir andvirði þess, að frádregnum öllum kostnaði. Að öðrum kosti rennur and-
31. okt. virði óskilafjár í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

VI. Um stóðhross.

23. gr.

Skyldur er sérhver að koma öllum ótömdum hrossum sínum á fjall, ef það er til í hreppnum, svo snemma á vori hverju sem árferði og önnur atvik leyfa eftir álitni hreppsnefndar. Engum er heimilt að hafa stóðhross í heima-
högum frá því þau áttu að rekast og allt fram til rétta að hausti, nema hrepps-
nefnd og nágrannar leyfi. Eigandi ábyrgist að stóðhross geri engan skaða. Nú
ganga stóðhross í land annara, og má þá landeigandi taka þau í gæzlu, en gera
skal hann eiganda aðvart, innan tveggja sólarhringa um að útleysa þau, mót
kr. 0.10 gæzlukaupi fyrir hvert hross um sólarhring, og gjaldi eigandi að auk
skaðabætur fyrir landspjöll og annan kostnað, eftir mati tveggja óvilhallra
manna.

VII. Almenn ákvæði.

24. gr.

Þar, sem upphæð sektar er ekki ákveðin við einstakar greinar í reglu-
gerð þessari, varða brot gegn henni 5—200 kr. sekt. Sektin rennur í sveitar-
sjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

25. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið með sem
opinber lögreglumál.

26. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin öll eldri ákvæði um fjallskil í
Austur-Barðastrandarsýslu.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefir samið
og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hérmeð til að
öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.